

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1943

2018/EES/49/01

frá 4. nóvember 2016

um notkun á paraffínolíu til að húða egg til að stýra stofnstærð varpfugla skv. 3. mgr. 3. gr.
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (1), einkum 3. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 3. mars 2016 fór Bretland þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún tæki ákvörðun, skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um það hvort paraffínolía, sem er notuð til að húða egg varpfugla, s.s. gæsa og máva, til að stýra stofnstærð þeirra og takmarka þann möguleika að fuglar rekist á loftför á og í kringum flugvelli og flughafnir, sé sæfivara að því er varðar a-lið 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Samkvæmt upplýsingum sem Bretland lagði fram fá fósturvísar, sem eru að þroskast, ekki nægilegt súrefni þegar egginn eru olíuhúðuð því olían stíflar gropur í eggjaskurninni sem leiðir til þess að fuglafósturvísarnir kafna.
- 3) Mikilvægt er að taka fyrst til athugunar hvort paraffínolía, sem er notuð til að olíuhúða egg, uppfyllir skilgreininguna á sæfivöru eins og kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
- 4) Paraffínolía uppfyllir skilyrði skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar fyrir „efni“ eða „blöndu“ í skilningi 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (2).
- 5) Paraffínolíu er ætlað að stýra stofnstærð varpfugla, s.s. gæsa og máva, sem uppfylla skilgreininguna á skaðlegri lífveru sem mælt er fyrir um í g-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, þar eð þeir geta haft skaðleg áhrif á dýr eða menn.
- 6) Upplýsingarnar sem liggja fyrir benda til þess að paraffínolía sé notuð til að olíuhúða egg í þeim tilgangi að eyða skaðlegum lífverum, bægra þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða verjast þeim með öðrum hætti.
- 7) Þar eð paraffínolía myndar eingöngu áþreifanlega hindrun fyrir öndunarstarfsemi marklífverunnar og efnafræðileg eða líffræðileg verkun paraffínolíu á sér aldrei stað er ekki hægt að líta svo á að henni sé ætlað að virka efnafræðilega á lífveruna.
- 8) Þar eð paraffínolía kemur eingöngu í veg fyrir áhrif skaðlegra lífvera með öðrum áhrifum en eðlisfræðilegum eða vélrænum uppfyllir hún ekki skilgreininguna á sæfivöru, eins og kveðið er á um skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Paraffínolía er ekki sæfivara að því er varðar a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 þegar hún er notuð til að húða egg til að stýra stofnstærð varpfugla.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 299, 5.11.2016, bls. 90. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjútíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
